

Guðbjörn Jónsson



Yfirkjörstjórn Suðvestur kjördæmis
Hr. Jónas Þór Guðmundsson, formaður.

Reykjavík 31. mars 2013

Sæll Jónas og þakka þér fyrir tölvupóstinn dags. 27. mars 2013 og bréfið sem ég fékk sent heim með stefnuvotti að kvöldi sama dags. Svarið hefði gjarnan mátt berast fyrr, miðað við að heimiluð hefur verið utankjörstaðakosning, þar sem kosið er um framboð sem **EKKI HAFI KJÖRGENGI**, samkvæmt 34. gr. stjórnarskrár.

Í 2. mgr. 13. gr. kosningalaga nr. 24/2000 segir eftirfarandi: (leturbreyting GJ)

“Yfirkjörstjórn skal með nægum fyrirvara á undan kosningum auglýsa aðsetur sitt þar sem hún veitir viðtöku framboðslistum og þar sem hún dvelst meðan kosning fer fram, og skal aðsetur hennar liggja eins vel við samgöngum og kostur er.”

Hvað felst í orðunum *með nægum fyrirvara* verður líklega að skoðast út frá jafnrétti þeirra frambjóðenda sem sækjast eftir kosningu. Með nægum fyrirvara, þannig að með eðlilegum hætti geti allir komið framboði sínu á framfæri við yfirkjörstjórn *þar sem hún veitir viðtöku framboðslistum* og með því fengi frambjóðandi staðfest að framboðið standist formkröfur laga um kjörgengi, þó staðfestur úrskurður kæmi ekki fyrr en að loknum framboðsfresti, eins og lög kveða á um. Þetta yrði að teljast eðlileg lögskýring í ljósi 65. gr. stjórnarskrár og mannréttindasáttmála Evrópu. Önnur framkvæmd hlýtur að vera mismunun sem teljist bótaskyld eða jafnvel ólögleg.

Það vekur undrun mína að sem svar við kjörgengi mínu samkvæmt 34. gr. stjórnarskrár, skulir þú vísa til 31. gr. stjórnarskrár, í ljósi þess að landskjörstjórn hafnaði framboði mínu sem ÞJÓÐKJÖRNUM. Einnig vekur sérstaka athygli tilvísun þín í 2. mgr. 33. gr. stjórnarskrár. Sú grein fjallar um **kosningarétt en ekki kjörgengi**. Einnig kemur þar fram að í kosningalögum megi setja **nánari reglur** (EKKI NÝJAR) heldur NÁNARI reglur, um **framkvæmd alþingiskosninga**.

Engin heimild er veitt til nánari reglna **um kjörgengi** eða að **aðilar sem ekki er veitt kjörgengi samkvæmt 34. gr. stjórnarskrár**, verði veitt sérstakt kjörgengi samkvæmt **kosningalögum**. Það vekur einnig sérstaka athygli, þegar lesin er 4. gr. kosningalaga, að þar segir að: *>Kjörgengur við kosningar til Alþingis er hver sá sem kosningarétt á skv. 1. gr. og hefur óflekkað mannorð. Hæstaréttardómarar eru ekki kjörgengir.<* Samkvæmt 1. gr. kosningalaga segir: *>Kosningarétt við kosningar til Alþingis á hver íslenskur ríkisborgari sem náð hefur 18 ára aldri þegar kosning fer fram og lögheimili á hér á landi<*. Samkvæmt texta 34. gr. stjórnarskrár, ásamt 1. og 4. gr. kosningalaga, er engar frekari reglur settar um **FRAMBOÐ OG KJÖRGENGI**, **aðrar en getið er í 34. gr. stjórnarskrá og 1. og 4. gr. kosningalaga**.

Hvað varðar frekari tilvísanir þínar velti ég fyrir mér hvort þú teljir mig einfaldning eða kjána. Mitt erindi snýr eingöngu að KJÖRGENGI, samkvæmt 34. gr. stjórnarskrár. Í erindum sem þér, landskjörstjórn, innanríkisráðherra, Hermanni Sæmundssyni í innanríkisráðuneyti, forseta Alþingis og formanni viðkomandi þingnefndar var sent, er ítarlega gerð grein fyrir hvernig VII. kafli kosningalaga stangast á við 34. gr. stjórnarskrár.

Athyglisverð er tilvísun þín í VIII. kafla kosningalaga, um Listabókstaf stjórn málasamtaka, einkanlega þar sem stjórn málasamtök hafa **EKKI KJÖRGENGI** samkvæmt 34. gr. stjórnarskrár eða 1. og 4. gr. kosningalaga.

Álíka undarleg er tilvísun þín í IX. kafla kosningalaga (Umboðsmenn framboðslista), Í ljósi þess að framboðslistar eru **EKKI KJÖRGENGIR**.

X. kafli kosningalaga, (Úrskurð um framboð og auglýsingar), er fyrst og fremst um vinnu yfirkjörstjórnar og möguleg viðbrögð við úrskurði hennar. Þessi kafli kosningalaga kemur því fyrst til skoðunar komi í ljós að yfirkjörstjórn virði ekki skírt ákvæði 34. gr. stjórnarskrár um kjörgengi einstaklinga.

Tilvísun þín í XV. kafla kosningalaga, (Kosningaúrslit í kjördæmum), með nánari vísan í 105.-113. gr. kosningalaga er á sama hátt afar klaufaleg tilraun til útúrsnúnings frá erindi mínu. Með vísan til þess að þú munt vera menntaður lögfræðingur, er afar erfitt að líta öðruvísi á tilsvör þín en sem einbeittan ásetning um að brjóta á mér mannréttindi og sniðganga á afar óheiðarlegan máta, eðlilegan skilning á 34. gr. stjórnarskrár og beita á frekar ófyrirleitinn máta þeim hluta kosningalaga sem stangast á við ákvæði stjórnarskrár.

Allt leiðir þetta til fullkomins vanhæfis þíns til setu í Yfirkjörstjórn og mun afrit af þessu bréfi, ásamt bréfinu frá þér, sent Innanríkisráðherra, Hermanni Sæmundssyni hjá innanríkisráðuneyti, Landskjörstjórn og Umboðsmanni Alþingis, sem þegar er kominn með málið til meðferðar.

Virðingarfyllt

Guðbjörn Jónsson,
frambjóðandi utan flokka
í Suðvestur kjördæmi.